

**Ed. 120. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]**

um takmörkun loðnuveiða á sumar- og haustvertíð vegna öryggissjónarmiða.

Flm.: Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að loðnuveiðar verði takmarkaðar á sumar- og haustvertíð vegna aukinnar slyshættu. Einkum verði afla- og hleðslutakmörkun beitt á loðnuveiðiskip.

**G r e i n a r g e r ð .**

Eins og kunnugt er hafa loðnuveiðar Íslendinga stórauðist undanfarin ár. Einkum hafa sumar- og haustvertíð orðið æ mikilvægari þáttur í loðnuveiðum.

Nú er svo komið, að loðna veiðist nær allt árið. Fiskifræðingar, sjómenn og útgerðarmenn hvetja til aðgæslu við veiðar, bæði hvað varðar nýtingu loðnustofnsins svo og í öryggismálum sjómanna við loðnuveiðar.

Eigi verður lengur dregið að setja reglugerð um loðnuveiðar á hafinu fyrir norðan Ísland. Veiðisvæði loðnuflotans á sumar- og haustvertíð nær yfir mjög víðáttumikið svæði í Norðurhöfum. Að haustlagi er þar allra veðra von, og oft eru tiltölulega litlir bátar að veiðum við erfiðustu skilyrði við ísrönd í köldum sjó og í vonskuveðrum.

Mesta mildi er að stórslys hafi ekki orðið við veiðar þessar. Virðist eðlilegt að afla- og hleðslutakmörkunum verði beitt á loðnuveiðiskip á sumar- og haustvertíð.